



321. Stjórnarfundur haldinn 6. nóvember 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Heimsókn stjórnar knattspyrnudeildar Keflavíkur.

EH bauð fulltrúa stjórnar knattspyrnudeildar velkomna, en mætt voru Þorsteinn Magnússon formaður, Hjördís Baldursdóttir gjaldkeri og Smári Helgason formaður unglingaráðs. EH gaf Þorsteini Magnússyni formanni orðið. Þorsteinn fór yfir fjárhagsstöðu deildarinnar og starfsemi hennar almennt. Fjárhagsstaðan er mjög viðunandi miðað við efnahagsforsendur í þjóðfélaginu. Stjórn deildarinnar mun mæta tekjuskurðingu af festu og gera viðeigandi ráðstafanir. Smári Helgason formaður unglingaráðs greindi frá starfsemi ráðsins og er reksturinn í góðu lagi. Þjálfaramálin í góðum málum. Æfingargjöldin eru með þeim lægri sem gerist innan félagsins. Árangur yngri flokka hefur verið góður og er fjölgun á iðkendum hjá deildinni. Meistaraflokkur kvenna hefur verið að skera niður í fjármálum hjá sér. Reiknað með því að reksturinn verði í jafnvægi um áramótin. EH þakkaði fulltúrum deildarinnar fyrir mjög góðan fund og óskaði þeim velfarnaðar og góðs gengis.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ þar sem óskað er eftir því að fá send lög félagsins.

Bréf frá UMFÍ v/ samþykktar á tillögum 36. sambandsráðsfundar 11. október 2008 í Stykkishólmi sem UMFÍ vill sérstaklega vekja athygli á.

Bréf frá ÍSÍ í samvinnu við Útlendingarstofnun v/ erlendra leikmanna sem hugsanlega hafa ekki dvalar og atvinnuleyfi.

4. Send bréf.

Bréf frá ÍSÍ í samvinnu við Útlendingarstofnun v/ erlendra leikmanna sem hugsanlega hafa ekki dvalar og atvinnuleyfi. (*ljósritað og sett í hólf deilda*)

5. Forvarnardagurinn.

Forvarnardagurinn var haldinn í þriðja sinn og var EH fulltrúi ÍSÍ, UMFÍ og skáta í Heiðarskóla og SG fulltrúi ÍSÍ, UMFÍ og skáta í Myllubakkaskóla.

6. Jólblaðið.

Eðvarð hefur tekið opnuviðtalið við xxxxxxxxxxxx en viðkomandi hefur átt erfitt með að útvega myndir af sér. Eðvarð er að skoða hvort Víkurfréttir eigi myndir sem hægt væri að fá lánaðar. Engin deild hefur skilað inn grein. Skilafrestur er til 17. nóvember.

7. Önnur mál.

EH hefur verið að funda með fulltrúum körfunnar. EH átti fund með fulltrúum 365 ljósvakamiðlum vegna samnings um sportrásir fyrir félagsheimilið.

Næsti stjórnarfundur 20. nóv. kl 17:05 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50

Fundinn ritaði SG

